



Nýársávarp
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. janúar 1996

Góðir Íslendingar, gleðilegt nýtt ár.

Hvert ár sem líður leikur á marga strengi, sem hljóma hver með sínum hætti í vitund okkar. Þegar við horfum yfir það ár sem nú er liðið minnumst við þess á undan öllu öðru að það ár heyrðum við þungan tregaslag. Þetta var ár skelfilegra náttúruhamfara, ár mikilla áfalla fyrir einstaklinga, heilar byggðir, þjóðina alla. Við svo váleg tíðindi sem urðu í Súðavík og á Flateyri finnum við átakanlega til vanmáttar, en um leið fyllast hjörtu okkar af samúð til allra sem orðið hafa fyrir þungbærum missi, bæði þar og annars staðar í landinu. Við upphaf nýs árs sendum við öllum syrgjendum nær og fjær hlýjar hugsanir og vinarkveðjur.

Í sextánda og síðasta sinn ávarpa ég ykkur nú, landa mína, úr þessu sæti og frá þessum stað. Þessi ár í embætti forseta Íslands hafa verið mér dýrmætur tími og oft til mikillar gleði – svo ríkrar vinsemdar og gestrisni hefi ég notið á ferðum mínum um landið, svo mikinn hlýhug hefi ég fundið í minn garð, að ekki mun mér endast aldur til að þakka það allt sem skyldi. Mest fagnaðarefni hefur það jafnan verið að finna hve mikinn stuðning þau hugðarefni, sem ég hef borið næst hjarta, hafa hlotið hjá þjóðinni, þau mál sem ég freistast stundum til að nefna „yrkjurnar“ mínar og snúast um ræktun lýðs og lands: mályrkju, mannyrkju, jarðyrkju sem þjóðyrkju. Til lítils hefði verið talað ef undirtektir hefðu ekki orðið eins og raun hefur borið vitni. Ég hef einnig notið þess að vera fyrir hönd Íslands aufúsugestur víða á erlendri grund. Á ferðum mínum hef ég fundið glöggt hve mikils Íslendingar eru virtir, hve vel okkur hefur orðið ágengt og jafnframt hve mörg tækifæri við eigum og bíða okkar í markaðsmálum, ekki síst í útflutningi þekkingar og reynslu.

Fámennri þjóð er mikil nauðsyn á að gera sér skýra grein fyrir sjálfsmynd sinni. Það liggur í augum uppi að því færra fólk sem skipar hópinn, þeim mun auðveldar getur hann týnst í þjóðahafið. En jafnframt er líka ljóst að hinn fámenni hópur býr við marga þá sem gerir líf hans og ljóð einfaldara, gegnsærra og þar með viðráðanlegra en gerst getur í hátimbruðum samfélagsbyggingum stórþjóðanna.

Um leið og þetta er sagt má þess vænta að rödd heyrst sem segir, að einmitt fámenni þjóðarinnar sé henni fjötur um fót og kunningskapurinn, nálægðin milli manna, geti allt eins orðið til þess að hver dragi annan niður. Nokkuð er til í því líka. Sannast sagna felast fyrst og fremst *möguleikar* í öllu sem yfir okkur kemur. Möguleikar sem við getum snúið okkur til hagsbóta og menningarauka, möguleikar sem við getum einnig látið snúast okkur til tjóns. Hvar sem við stingum niður fæti eru við stödd í miðju þversagnarinnar.

Um allan heim virðast menn nú samdóma um að öll velferð muni í framtíðinni byggja á þekkingu og fæmi manna til að nýta sér hana. Á þessari öld hafa margsinnis

orðið byltingar á sviði þekkingar og því höfum við, Íslendingar, nú þegar mikla reynslu af því hvernig okkur þykir henta að vinna úr þeim nýjungum hagnýt tæki til daglegra nota. Eitt er þar sem jafnan vekur athygli útlendinga öðru fremur, en það er sú árátt okkar að leggja allt kapp á að íslenska tæknina eins fljótt og auðið er. Vitanlega getur það lítið út eins og hin mesta sérvíska að vilja ekki kalla símann telefon eða þyrluna helíkopter eins og allar grannþjóðir okkar gera. En í augum Íslendingans er það ekki sérvíska heldur *aðferð* til þess að gera tæknina íslenska. Aðferð sem hefur reynst okkur vel og við erum staðráðin í að nota áfram um ókomna tíð.

Þetta er gott að hafa í huga þegar við stöldrum við þau stórmerki sem nú gerast í upplýsingabyltingunni svonefndu, hverju hún hafi komið til leiðar og hvert hún stefni. Það má okkur öllum ljóst vera að þessi bylting getur miðlað ævintýrlega miklum fróðleik, hún getur brýnt menn til forvitni og sköpunar og hún getur haft mikil áhrif til lýðræðispróunar og þá jafnframt til eflingar mannréttinda um allan heim. Upplýsingabyltingin færir okkur um símalínur og á geisladiskum, áður en langt um líður, stærri hluta af þekkingu heimsins í máli og kyrrmyndum, hljómunum og kvikmyndum og en okkur hefur áður dreymt um. Hér hjá okkur gerði hún á árinu sem leið kleift að búa til skínandi geisladisk fyrir tölvur um Ísland og náttúru þess, og undirbúningur er hafinn að mörgum diskum öðrum, þar á meðal merkilegum margmiðlunar-tölvudiskum um Íslandssöguna alla. Afar brýnt er nú að bregðast skjótt við og þýða fyrir æskuna það erlenda efni á geisladiskum sem verður kennsluefni í skólum alls staðar umhverfis okkur innan tíðar. Óvíða er meiri hætta á ferðum varðandi íslenska tungu en frá alþjóðlegu geisladiskaefni.

Þversögnin er þó á sínum stað: tölvan er mesta undur, en hún getur líka orðið grimmur tímaþjófur, lævís og lipur eins og erfðasyndin og vímugjafarnir. Sjálft upplýsingamagnið getur orðið svo yfirþyrmandi að menn tapi áttum og eins og dragi úr þeim mátt. Fjölmarginir telja það reyndar verða eitt af höfuðverkefnum menntunar innan tíðar að kenna mönnum að velja úr upplýsingum og hafna því sem óþarft er.

En við verðum að kunna að velja á fleiri sviðum. Grimmd í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum og tölvuleikjum er meiri áhrifavaldur í samtíð okkar en menn kæra sig yfirleitt um að vita. Hér kem ég aftur að því, að allt sem gerist felur í sér möguleika til góðs og ills. Of lengi höfum við látið allt yfir okkur ganga í þessum efnunum, einnig það sem verst er. En við getum líka sýnt ábyrgð og frumkvæði og andóf. Við getum hafnað því að láta berast fyrir straumi í þeirri von, að allt muni einhvern veginn bjargast eða í þeirri leti sem stundum grípur hugann að allt nýtt sé gott af sjálfu sér. Mestu varðar að við höldum vöku okkar sem foreldrar og uppaldur, að við skiptum okkur af því hvað það er sem börn okkar hafa aðgang að og hvaða áhrif það getur á þau haft. Uppeldi til stríðs í tölvuleikjum þar sem hver Valhöllin rís af annarri og Einherjar sparka hver annan í hel þindarlaust og rísa svo upp aftur alheilir, – rétt eins og ekkert sé að marka það sem leikstýrandinn hefur látið þá gera, – slíkt uppeldi megum við ekki þola, heldur verðum að sýna okkur og börnum okkar þá virðingu sem leiðir til hófsemdar, einnig á þessu sviði.

Við horfumst í augu við gífurlegar breytingar, þessi kynslóð sem í senn lofsyngur velferð allra og þarf að verjast óæskilegum áhrifum sem að okkur berast. Verðum við ekki að gera okkur ljósa grein fyrir hvaða gildi það eru sem við viljum halda fram og skila áfram til æskunnar? Okkar er að velja og hafna, skilja hismi frá kjarna. Við ein getum stjórnað því hvernig börn okkar eru alin upp og síst ættum við að skorast úr leik í þeirri viðureign.

Þegar við sem eldri erum vorum að vaxa úr grasi var okkur leiðbeint til að leysa verkefni okkar á þann veg, að við getum með sannri sagt að við eigum þetta samfélag að – þá eign viljum við síst missa sem einstaklingar og sem þjóð. Því hvar er sá sem raunverulega vildi vera *þjóðlaus* maður? Orðalaust var okkur líka kennt að bera virðingu fyrir sjálfum okkur sem einstaklingum og manneskjum. Nú, þegar við höfum öðlast reynslu áranna, er hægt að gera þá kröfu til okkar að við sýnum í verki þá *sjálfsvirðingu*, sem er forsenda þess að við berum réttmæta virðingu fyrir öðrum mönnum og sköpum þar með fordæmi þeim yngri, svo að þeir skilji að ekki er sá sterkastur sem reiðir vanstilltan hnefa til höggs, heldur hinn sem kemur fram við aðra menn með þeim sóma sem hann vill að honum sjálfum sé sýndur.

Þessu viðfangsefni má fylgja um mörg svið: hvarvetna er gerð sú krafa að við sýnum yfirvegum og einbeitni og veljum um kosti en látum ekki skeika að sköpuðu. Þannig er til að mynda um samskipti okkar við aðrar þjóðir, önnur menningarsamfélög. Stundum heyrir svo talað eins og þjóðir séu tímabundin fyrirbæri í sögunni, pólitískur tilbúningur, samkomulag um misskilning. Þjóðræknin og þjóðernishyggjan er þá kölluð einangrunarafl sem spilli sambúð þjóða. Vissulega getur þjóðræknin snúist í þjóðrembu, komið fram í fordómum í garð annarra. En það skiptir meiru að hún getur orðið, ekki síst fámennri þjóð, lífgefandi afl sem veitir henni sjálfstraust og eykur sjálfsvirðingu hennar, kveður niður vanmetakennd þeirra sem halda að þeir séu fáir og smáir. Sú alþjóðahyggja er góð sem bregst vel við hjálparbeiðni úr öðrum heimshlutum, einnig sú sem er fús til að hverfa frá íturstu sérhagsmunum í þágu betri friðar og sambýlis þjóða. En sú alþjóðahyggja er slæm sem fyrir lítur frjóa sérstöðu þjóðanna, þann margbreytileika sem gefur mannlífinu bæði líf og lit og sköpunarkraft.

Þegar við Íslendingar horfðum yfir lýðveldissöguna á árinu 1994 gátum við fagnað afmæli við að rifja upp marga sigra í lífsbaráttu okkar sem rætur eiga í tiltrú á eigin mátt sem fylgdi óskertu sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Við erum nú að uppskera svo margfaldlega það sem til var sáð. Við höfum eignast kynslóðir af fólki sem er vel að sér í verklegum efnum og margvíslegum fræðum. Sú kunnátta og þekking birtist okkur á hverju nýju ári í drjúgum framförum á sviðum vísinda, menntunar og framleiðslu. Allt sem vel er gert glæðir sjálfsöruggi okkar og sjálfsvirðingu. Og augljóst má öllum vera, að flest það sem unnist hefur er tengt því að við höfum eftt og bætt mannauð okkar. Þess vegna hljótum við að vita, að það er meginatriði að halda áfram af einbeitni og örlæti að rækta þekkinguna, veita skólum okkar og æðri menntastofnunum sem bestan byr, efla málrækt og þann dýra sjóð sem íslensk tunga er, og sýna sóma þeim minningum sem gera okkur að þjóð. Með öllu þessu styrkjum við vilja okkar til að vera menn með mönnum í stórum og flóknum heimi, til að eiga eigin sérstæða rödd sem ekki kveður á um mannfjölda heldur innri styrk.

Góðir Íslendingar.

Ég minntist á í upphafi máls míns að þetta er í síðasta sinn að ég deili með ykkur hugsunum mínum og hugmyndum á þessum vettvangi. Ég hef við ótal tækifæri fundið til þess, að Íslendingar láta sér annat um embætti forseta Íslands. Það er um leið ljóst, að það er ekki sjálfgefið hvernig forsetaembætti skuli sinnt og verður ekki. Þar veldur hver á heldur, eins og sjálfsagt er.

Ég kveð ykkur kærar landar með bestu þökkum fyrir liðin ár, með góðum vonum og trú á farsæla framtíð íslenskrar þjóðar. Guð blessi Ísland og íslenska þjóð.

Gleðilegt nýtt ár.